

290. fundur

Miðvikudaginn 30. nóvember 2022, kl. 13:00 kom verðlagsnefnd búvara saman á fjarfund. Fundinn sátu: Kolbeinn Hólmar Stefánsson, formaður, Elín Margrét Stefánsdóttir, Herdís Magna Gunnarsdóttir, Hrannar Már Gunnarsson, Reynir Þór Jónsson og Pálmi Vilhjálmsson. Helga Ingólfssdóttir og Hálfdán Óskarsson, áheyrnarfulltrúi boðuðu forföll. Þá sat einnig fundinn, Arnar Freyr Einarsson, MAR.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Verðlagsgrundvöllur kúabús í desember 2022

Lagður var fram framreknaður verðlagsgrundvellar kúabús fyrir desember 2022. Gjaldaliðir verðlagsgrundvallar hækkuðu frá september til desember um 2,38%. Lágmarksverði til framleiðenda var síðast breytt þann 1. september 2022, byggt á verðlagi septembermánaðar og er því samanlöögð hækkun gjaldaliða einnig 2,38% frá síðustu verðlagningu. Að loknum umræðum og yfirferð einstakra gjaldaliða var verðlagsgrundvöllurinn staðfestur. Fulltrúar samtaka launþega sátu hjá. Ákveðið að niðurstöður iðnaðarlíkans og verðákvörðun verði settar á dagskrá næsta fundar.

2. Tillaga starfshóps um endurskoðun heildsöluverðlista

Fyrir liggur erindi matvælaráðuneytisins til verðlagsnefndar um að taka fyrir tillögur starfshóps um verðlagsmál í nautgriparkort til umfjöllunar. Tillögurnar fela m.a. í sér að verðlagsnefnd endurskoði þann lista mjólkurvara sem nefndin verðleggur. Greint var frá skýrslu um heildsöluverð frá 2021 sem verður nytsamleg við afgreiðslu málsins. Unnið er að uppfærslu hennar m.t.t. stöðu á heimsmarkaði, áhrifa af innrásinni í Úkraínu og hækkun aðfangakostnaðar. Ákveðið að taka málið sérstaklega fyrir þegar skýrslan liggur fyrir á næstu misserum.

3. Endurskoðun verðlagningarlíkana verðlagsnefndar

Sagt frá minnisblaði um tillögu um nálgun endurskoðunar. Nálgun felur í sér að utanaðkomandi aðili leiði verkefnið og njóti liðsinnis sérfróðra aðila varðandi gögn o.fl. Umræður um fjármagnsliði og tekjuhlið verðlagsgrundvallar. Formaður og ráðuneyti vinna enn að málinu sem verður tekið sérstaklega fyrir þegar ítarlegri kostnaðar- og verkáætlun liggur fyrir.

Næsti fundur verðlagsnefndar verður haldinn þann 7. desember kl. 10:00.

Fleira var ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 14:00.

Kolbeinn Hólmar Stefánsson

Arnar Freyr Einarsson